

63  
30. mars

5. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi alt það, sem að stjórn hans lýtur, tekur við vöxtum, sem falla til útborgunar, og úthlutar þeim samkvæmt 3. gr. og nákvæmari reglum, sem hún skal semja, áður en úthlutun fer fram í fyrsta sinni, og skal eftir það semja árlega reiking sjóðsins og senda hann sýslunefndinni í Húnavatns-sýslu, sem lætur endurskoða hann.

Ytrilöngumýri og Reykjavík, 26. apríl 1911.

*Pálmi Jónsson. Þorleifur Jónsson.*

64  
2. apríl **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir skógræktarsjóð bindindisfjelags Seyðisfjarðar til eflingar skógrækt í Seyðisfjarðarkaupstað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 2. apríl 1912.**  
Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

**fyrir skógræktarsjóð Bindindisfjelags Seyðisfjarðar til eflingar skógrækt í Seyðisfjarðarkaupstað.**

1. Skógræktarsjóðurinn er stofnaður af Bindindisfjelagi Seyðisfjarðar. Tilgangur hans er, að hlynna að og efla skógræktun í Seyðisfjarðarkaupstað.

2. Stofnfje sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur, sem eigi má skerða. Sjóðurinn skal ávaxtast eftir sömu reglum og ómyndugrafje.

3. Ársvöxtum sjóðsins skal varið til skógræktunar í Seyðisfjarðarkaupstað. Meðan Ungmennafjelag er í kaupstaðnum, sem vinnur að skógrækt, skal greiða því ársvexti sjóðsins í þessu skyni.

4. Sje eigi unnið að skógrækt í kaupstaðnum eitthvert ár skal leggja vextina við stofnfje sjóðsins.

5. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar veitir sjóðnum forstöðu, og hefir á hendi reikningshald hans og útborgar vextina við áramót til Ungmennafjelags kaupstaðarins, meðan það fullnægir framangreindu skilyrði.

6. Sje ekkert ungmennafjelag í kaupstaðnum, sem starfar að skógrækt, sjer bæjarstjórnin um að ársvöxtum sjóðsins sje varið samkvæmt tilgangi hans (sbr. 3. og 4. grein).